Myndir. Um myndir, sem Jón Pálsson og Sigurður Tómasson úrsmiður lánuðu á heimssýninguna í New-York 1939-40 og glötuðust þar.
Ennfremur uppkast að bréfi dagsettu 27.apríl 1943 og áætlun um ferðakostnað og bætur fyrir óbætanlegt tjón á umræddum myndum.

12 blöð.

38.

# Myndir



Þær, er ég og hr. Sigurður Tómasson úrsmiður léðum til sýningarinnar í Ameríku 1939/40 hr. Vilhjálmi Þór bankastjóra og segir hann þær glataðar: Þeim hafi verið stolið. Myndirnar voru 20 að tölu og allar úrvalsmyndir úr ýmsum samstöðum, t.d. frá Þingvallahátíðinni 1930; þar af voru 12 myndir í eðlilegum litum og stereo-skop-myndir og í raun og veru ómetanlegar nokkru verði, m. a. sökum þess, að tilefnið (motiv) þeirra fæst aldrei aftur. Þá voru og margar myndir frá Kerlinga-fjöllum, Fiskivötnunum, Laugum, af Þórsmörk og Þjórsárdal.

Nú hefir það orðið að vinsamlegu samkomulagi milli aðilja allra, þ.e. hr. Vilhjálms Þórs annarsvegar og eigenda myndanna hinsvegar, að við tilnefnum sinn matsmanninn hvor og biðjum hr. lögmanninn að skipa oddamann, er meti okkur, eigendunum viðunanlega fjárhæð sem skaðabætur fyrir missi svo fágætra muna og verðmætra eigna, sem myndirnar voru. — Af hálfu okkar eigenda myndanna höfum við fengið hr. stórkaupmann Kristján Ó. Skagfjörð til þess að vera sem matsmaður í þessu efni fyrir okkar hönd. Enn er eigi kunnugt um, hvern hr. Vilhjálmur Þór kýs til þess fyrir sína hönd, og því síður hvaða oddamann hr. lögmaðurinn skipar. En það er fyrirfram ákveðið samkomulag milli ofangreindra aðilja, að mat það, er menn þessir gjöra, skuli vera endanlegt mat, þannig, að eigi komi til yfirmats né aðgjörða dómstólanna, heldur hlítum við því, sem [illegible].

Til skýringa nokkurra atriða í máli þessu og leiðbeininga við matsgjörðina vil ég leyfa mér að taka það fram, er hér fer á eftir, án þess þó, að ég með því ætlist til að hafa nein áhrif á matið til eða frá, önnur en þau, að matsmaður okkar, sem gjörla má vita fyrir að sé eigi nægilega kunnur málavöxtum, hafi eitthvað að styðjast við til þess sanngjarnt mat fáist.

1. Myndirnar voru, eins og áður er sagt, úrval úr hundruðum stereoskópmynda og svo fögur, að ef til væri, mundi mega sýna þær fyrir allmikið fé og þess meira, sem fjær dregur myndatökunni. Eða hver mundi eigi vilja sjá athöfnina, eins og augað sá hana 1930 á Þingvöllum, segjum, að mörgum áratugum liðnum? Þessa sannsögulegu viðburði, sem athafnir þessar sýndu hver fyrir sig, mundu nú og síðar þykja harla merkilegir og mikið fyrir það gefandi, að fá að sjá þá í eðlilegum litum, einkum þó frá Alþingishátíðinni 1930, er jafnan verða óbætanlegar. Kemur það þá undir sanngirni og smekkvísi matsmanna, í hvern veg þær skuli virtar, svo að eigöndum þeirra sé sýnt hvorttveggja í senn, samúð við missi þeirra og sanngjörn tilraun til þess að virða þær svo, að þeim þyki sér skaðinn sæmilega bættur, eins og á stendur allar að því líta.

2. Til mat á myndunum yfirleitt, mætti það virðast rétt, að til grundvallar væri lagður kostnaður sá, er af því leiddi, ef farið væri á alla áðurnefnda staði til endur-myndatöku á þeim, þ.e.a.s. þar sem sama eða líkt tilefni (motiv) væri fyrir hendi varðandi sérhverja einstaka mynd, ef gott veður fengist þá til þess. Ég hefi leitað álits nokkurra manna, samferðalöngum og beðið þá að gjöra áætlun um ferðakostnaðinn til allra þessara staða, er ég nefndi í upphafi og bar þeim saman um að ferðirnar allar tæki a.m.k. 16 daga; hafa þyrfti 5 manna bíl, 7 hesta til flutnings á farangri og til reiðar fyrir 6 menn, þ.e. bílstjóra, myndatökumann, hjálparmann hans, hestamann sá er hestana lánaði og einn mann er hefði allar útvegur á hendi t.d. við matreiðslu og til snúninga. Allt mundi þetta kosta um 12 - tólf - þúsund krónur. Væri þá eftir, að meta úrvalsmyndirnar eina eða tvær, sem getið er undir tölulið 1. og sem ekkert tækifæri væri til að fá endurmyndaðar, þar sem motivin eru og verða ófáanleg t.d. af leiksýningu, fornmannareið í Almannagjá á Þingvöllum 1930.

Annars vil ég taka það fram, að ég vil heldur fá myndirnar aftur, en nokkurt meðfé, jafnvel þótt það skipti þúsundum króna, en um þetta þýddi eigi að fást, þar sem myndirnar eru glataðar, heldur eins og komið er, að

þetta eg vid þad, sem valdir matsmenn og Kunnir ad allri rádvendni, er vid höfum valid, Kunna ad meta þennan skada, hvernig sem þad mat Kann ad verda.

Adeins vil ég ad lokum benda á þetta:

Þingvallasýningin og myndirnar af henni, med leiksýningu Formanna í litklædum, ad vidstöddum Konungi, drottningu hans og fjölda helztu manna landsins, ásamt hinum mikla mannfjölda, tjalda og annars umbúnadar, sem allt sást svo greinilega á myndunum einsog augad sá þad í glaðasólskini og fádæma vedri adalþjódhátídardaginn 1930, tel ég svo einstakt (Unikum) og merkilegt, ad hjá því verdi naumast Komist, ad meta þad nokkud mikils virdi.

Ad sídustu vend ég fyrir mína hönd og hr. Sigurdar Tómassonar ad krefjast þess, ad matsmennirnir gjöri málsadilja okkar, hr. Vilhjálmi Þór fyrir hönd ríkissjóds, skylt ad greida matsmönnunum hæfilega þóknun fyrir hid vandasama mat þeirra, ásamt ad Kostnadarlausu.

Virdingarfyllst.

Reykjavík, 15. október 1943.

Jón Jakobsson.

Uppkast!

## Myndir



Þær, er ég og hr. Sigurður Tómasson úrsmiður léðum til sýningarinnar í Ameríku 1939/1940 (hr. Vilhjálmi Þór), segir hann glataðar: þeim hafi verið stolið. Myndirnar voru 20 talsins, þar af 12 litmyndir í eðlilegum litum (Stereoskop) og flestar frá Þingvöllum og Þjóðhátíðinni þar, 1930, þær eru því óbætanlegar og svo fágætar, að tilefni þeirra (Motiv) fæst aldrei aftur. Þá voru margar myndir frá Kerlingarfjöllum, Fiskivötnum, Laugum, af Þórsmörk og Þjórsárdal.

Þegar meta skal bætur fyrir missi mynda þessara virðist rétt að taka tillit til:

1. Fegurð þeirra og þess, að ef til væri, mundi mega sýna þær fyrir allmikið fé og því meira, sem fjær dregur myndatökunni: Hver mundi eigi vilja sjá athöfnina, sem fram fór á Þingvöllum 1000 árum áður? Jafn-sannsögulegir vottorðir, sem athafnir þessar, hver um sig, syndu, mundu nú góðar þykja, harla merkilegir og mikið fyrir það gefandi að fá að sjá þá – í eðlilegum litum! Myndirnar frá Alþ. hátíðinni 1930 eru því og verða jafnan óbætanlegar og kemur það því undir sanngirni matsmanna, á hvern veg þær skuli virtar, svo að eigendum þeirra sé sýnt hvorttveggja í senn, samúð við missi þeirra og sanngjörn tilraun til þess að virða myndirnar svo, að þeim þyki skaðinn sæmilega bættur, eins og ástæður allar að því lúta.

2. Við mat á myndunum yfirleitt, mætti það virðast rétt, að til grundvallar væri tekinn kostnaður sá, er af því leiddi; ef farið væri á alla þessa staði til endur-myndatöku af þeim, þar sem tilefnið væri enn fyrir hendi, ef gott veður fengist. Hefi ég því leitað álits manns nokkurs í Ferðafélagi Íslands, sem farið hefir á alla þá staði er myndirnar voru teknar af, og beðið hann að láta mér í té áætlun á kostnað þann, er hann byggist við að endurmyndatakan mundi hafa í för með sér. Þá hefi ég einnig spurt forstjóra bifreiða, fleiri en einn,

hvað slíkur leiðangur mundi kosta. Bar þeim öllum saman um, að ferðin tæki a.m.k. 16 daga á alla þessa staði; að hafa þyrfti 5 manna bíl, er kostaði 250 Kr. á dag, 7 hesta til reiðar og undir farangur á 25 Kr. á dag. Myndatökumaðurinn fengi 150 Kr. á dag – þar innifalin myndatakan, framköllun (ámeríkan), aðstoðarmaður og 3 menn aðrir (þ. á m. bílstjóri, þó án kaups, því það væri innifalið í verði bílsins) á 80 Kr. á dag. Allt yrði þetta um 12 þús. krónur.

Er þá eftir að meta það, sem tilfært er undir tölul. 1, sem við þetta bætist. Myndirnar voru úrval úr samstæðu (Serien) og því enn fágætari.

Annars vil ég taka það fram, að ég vil heldur fá myndirnar aftur, allar en nokkurt metfé, jafnvel þótt það skifti tugum þúsunda, einkum vegna þessa vals myndanna, með sýningum fornmanna í litklæðum, að viðstöddum konungi, drottningu hans og fjölda helztu manna landsins, ásamt hinum mikla mannfjölda, fjalla og annars umbúnaðar, er allt sást svo greinilega á myndunum sem auðgað gat það í sólskini og góðu veðri aðalhátíðisdaginn 1930.

En hvað um það; þetta tækifæri býðst aldrei aftur og því væru myndir þessar einstæðar og einka-eintök (Unikum), sem aðeins verða metin með sanngirni og tilliti til þess, hvers virði væri, ef unnt væri að sýna þær um marga tugi ára.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 15. Október 1943.

þegar við undirritaðir, Sigurður Tómasson úrsmiður og Jón Pálsson fyrv. bankaféh. lánuðum þeim hr. Vilhjálmi Þór bankastjóra og hr. Haraldi Árnasyni kaupmanni 120 ljósmyndir með eðlilegum litum og 8 með algengum (eða venjulegum litum) og allar stereo-skopmyndir til alheimssýningarinnar í New York 1940, samkv. meðf. skrá, gerðum við ráð fyrir, að fá myndir þessar aftur óskaddaðar og óskemmdar aftur, en nú hefir okkur verið tjáð, að þær hafi glatast með öðru og séu hvergi finnanlegar.

Hefir okkur því komið saman við þá hr. Vilhjálm Þór og hr. Harald Árnason, að hvor okkar málsaðila tilnefni einn manninn hvor til þess, að meta skaða þann, er við teljum okkur hafa orðið fyrir við missi myndanna, að svo miklu leyti sem það er unnt, að virða tap þetta til peningaverðs, en hr. lögmaðurinn í Reykjavík tilnefni þriðja manninn sem oddamann í þessu skyni. Af okkar hálfu höfum við fengið hr. Knud Zimsen fyrv. borgarstjóra til þess að framkvæma matsgjörðina, sem alþjóðlega óhlutdrægan mann og kunnan að samviskusemi. Jafnframt því, sem við skýrum frá þessu, viljum við leyfa okkur, að láta eftirfylgjandi leiðbeiningar matsmönnunum í té, er sýna álit okkar um gildi mynda þessara fyrir okkur eða aðra þá, er þær kunna að heyra til með réttu, og ~~[illegible]~~ en leiðbeiningar okkar í þessu leið:

1. Myndirnar allar voru úrval úr afarmiklu safni og kostaði það mikið fé og fyrir- 2
höfn að fá þær gjörðar, m. a. ferðalög á Þórsmörk, inn í Þjórsárdal, inn að Kerlingar-
fjöllum og Fiskivötnum (að Torfajökli, Laugum og víðar staði víðsvegar þar um slóðir).

2. Þess skal getið, að 12 þessara mynda voru með eðlilegum litum og svo fágætar, að til-
efni þeirra (Motiv) fæst aldrei að nokkru sinni aftur, t. d. myndirnar af Þingvalla-
hátíðahöldunum 1930, sýningu Formanna í litklæðum, Konungsins og fylgdarliði
hans, svo og öllum þeim mannfjölda og tjalda, er þar voru o. s. frv. Og þar sem við
öllum þessum einstök þau, er ~~[illegible]~~ / kaunað voru gerð, er engin leið til að fá
þær gjörðar aftur; tapið væri því í sama gæða óbætanlegt, þótt við hinsvegar höf-
um eigi séð aðra leið til þess að fá málefni þetta útkljáð en með vinsamlegu sam-
komulagi við meðnefndarmenn sýningarinnar á þá leið, er að ofan getur.

3. Meðal mynda þessara voru og átta myndir aðrar, gerðar við venjulegar ljósmyndir, er
HR einvígis ~~[illegible]~~ til þess ætlaðar, að skoða þær í Stereoskopi. Voru margar þeirra af ýms-
um fallegum stöðum og fylgdi því einnig fyrirhöfn og kostnaður að fá þær gjörðar.

4. Þegar nú væri um það að ræða, hverskonar ávinningur það væri að eiga myndir
þessar allar, nú og framvegis óskaddaðar, viljum við benda á þetta: Myndirnar allar gætu talist og
þær, er nefndar eru undir tölulið 2, voru svo fágætar og einstakar í sinni röð, að við
teljum, að þær hefðu mátt sýna gegn miklu gjaldi og því meiru, sem lengra leið
fram í tímann, því hver mundi eigi vilja gefa talsvert fé fyrir það, að eiga kost á
því, eftir t. d. 50–100 ár, eða lengur, að sjá aðalathöfnina á Þingvöllum 1930

sýnda í hinni einu mynd sem til er á heiminum og með þeim samanvenlegu litum er á henni voru. Það er með sérstöku tilliti til þess, sem aðeins virðist vandasamt mjög fyrir hina væntanlegu matsmenn, að virða til fjár þessar myndir svo, að sæmilegar bætur megi kallast, hvað þá fullnægjandi.

5. Þá viljum við og geta þess, að við höfum leitað álits greinagóðra og kunnugra manna í Ferðafélagi Íslands um það, hvað för þangað mundi kosta, ef farin væri, á alla þá staði, er myndir þessar voru á sínum tíma teknar frá, og hafa þeir lauslega áætlað, að ferðirnar, einar út af fyrir sig, mundu kosta allt að 12 þús. krónum, nánar sundurliðað þannig: a. Myndasmiður og fylgdarmaður hans, b. bíll og bílstjóri, með bið á meðan lengra væri farið, c. og síðan 3 eða 4 hestar til reiðar og flutnings til áfangastaðanna hvers um sig, d. og loks allt að 1/2 mánaðar ferðalag eða lengur, svo unnt væri að bíða eftir björtu og góðu veðri til myndatökunnar á ný. En þótt allt þetta geti verið grundvöllur til réttlátsmats í þessu efni, um þá flestar myndirnar frá þingveislunum 1930, sem eftir væri þá að meta, eins og áður er sagt.

6. Loks viljum við taka það fram, að þótt við á sínum tíma ætluðumst eigi til neinna borgunar fyrir að lána myndirnar, — enda gerðum við ráð fyrir að fá þær heilu og höldnu aftur, — þá vildum við nú gefa tilefni til þess, að þær væri komnar í okkar eigin hendur aftur. Nú er þessu eigi til að dreifa, og án þess við viljum hafa nein áhrif á mat hinna væntanlegu matsmanna, ~~treystum við þess~~ berum við fullt traust til þeirra og væntum þess, að þeim takist að leysa málefni þetta svo, að báðir málsaðilar megi vel við una.

Reykjavík 27. apríl 1943.

Virðingarfyllst

Jón Pálsson.

## FERDAKOSTNAÐUR.

1. **Kerlingarfjallaför. 4 daga ferð.**

4 m. bíll í 4 daga .................. Kr.800,oo

Matur og gisting fyrir bílstjóra og
myndatökumann í 4 daga — 200.oo Kr. 1,000.oo

1400 -

2. **Þjórsárdalsför. 4 daga ferð.**

4. m bíll í 4 daga ..................Kr.800.oo
Matur og gisting fyrir bílstjóra og
myndatökumann í 4 daga Kr.200,oo Kr. 1,000,oo

1400 -

3. **Þórsmerkurför. 5 daga ferð.**

| | | |
|---|---|---|
| Bíll að Stóru-Mörk undir Eyjafj. ..... | Kr.250,oo | |
| 3 daga ferð á hestum í Þorsmörk með 3 hesta | - 225.oo | |
| Fylgdarmaður í 3 daga | - 180.oo | |
| Bíll að sækja myndatökum. aftur að Stóru-Mörk | - 250.oo | |
| Matur og gisting fyrir bílstjóra fylgdarm. og myndatökumann | - 250.oo | Kr.1,150.oo |

1205.-

4. Ferð austur að Landmannahelli, í Laugar í Jökulgil og til Fiskivatna eystri:
**8 daga ferð.**

| | | |
|---|---|---|
| Bíll að Galtalæk á Landi ........... | Kr. 250.oo | |
| Á hestum frá Galtalæk með 1 fylgdarm. og 5 hesta í 6 daga. Hestar | - 750.oo | |
| Fylgdarmaður | - 360.oo | |
| Matur og útileguútbunaður í 6 daga fr. myndatökum. og fylgdarmann | - 300.oo | |
| Matur í bílferðunum fr. bílstjóra og myndatökumann | - 100,oo | |
| Bíll að Galtalæk að sækja myndatökum. | - 250.oo | Kr.2,010.oo |

5. **Ferð til Þingvalla. 1 dags ferð.**

| | | |
|---|---|---|
| 4 m bíll í 1 dag ............... | Kr.200,oo | |
| Fæði fyrir myndatökum. og bílstjóra | - 50,oo | Kr. 250. oo. |

3375 -

**Hérvið bætist:**

1. Kaup myndatökumanns í ferðunum
2. Allur annar kostnaður við myndatökuna, filmur, framköllun o, s, frv þar til plöturnar eru fullgerðar. 200 -
3. Rétt er að áætla auka-ferðakostnað, ef veðurs vegna þyrfti að fara sumar ferðirnar aftur. 2400

Fl.

4. Kostnaður við að búa til 8 stk diapositiv plötur. 100 –

5. Litplötur No. 11 og 12 - Landslag, óbyggðir
Kostn. við endurnyingu á þeim ..........Kr. 50

6. Annar kostnaður, áður ótalinn

7. Verðmæti litplötu fráAlþingishátíðinni 1930
sem ekki er hægt að endurnyja. Kr. 10000 –

## Áætlun um ferðakostnað og bætur fyrir ómetanlegt tap. (á litmyndunum, sendar á sýningunni í New York 1939–40)

1. **Kerlingarfjallaför. 4 daga ferð.**

4.m. bifreið í 4 daga á kr. 275.- þ.e. meðaltal af kr. 300.- B.S.R. og 250.- Steindór......... Kr. 1100.-
Matur og gisting fyrir bifreiðarstjóra og myndatökumann í 4 daga ......................... - 200.- Kr. 1300.-

2. **Þjórsárdalsför. 4 daga ferð.**

4 m. bifreið í 4 daga á Kr. 275.- sbr. lið 1. ..... Kr. 1100.-
Matur og gisting fyrir bifreiðarstjóra og myndatökumann í fjóra daga ......................... - 200.- Kr. 1300.-

3. **Þórsmerkurför. 5 daga ferð.**

Bifreið að Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum ......... Kr. 275.-
Þriggja daga ferð á hestum í Þórsmörk.
Þrír hestar notaðir í ferðina ......................... - 225.-
Fylgdarmaður í þrjá daga ......................... - 180.-
Bifreið til þess að sækja myndatökumann aftur að Stóru Mörk undir Eyjafjöllum ............ - 275.-
Matur og gisting fyrir myndatökumann bifreiðarstjóra og fylgdarmann ......................... - 250.- Kr. 1205.-

4. **Ferð austur að Landmannahelli, í Laugar í Jökulgil og til Fiskivatna eystri. 8 daga ferð:**

Bifreið að Galtalæk á Landi ......................... Kr. 275.-
Hestar frá Galtalæk á Landi með einum fylgdarmanni. 6 daga ferð.
5 hestar í 6 daga ......................... - 750.-
Fylgdarmaður í sex daga ......................... - 360.-
Matur og útileguútbúnaður í 6 daga fyrir myndatökumann og fylgdarmann ......................... - 300.-
Matur í bílferðunum fyrir bifreiðarstjóra og myndatökumann ......................... - 100.-
Bifreið að Galtalæk á Landi til þess að sækja myndatökumann ......................... - 275.- Kr. 2060.-

5. **Ferð til Þingvalla. 1 dags ferð.**

4 manna bifreið í einn dag ......................... Kr. 275.-
Fæði fyrir myndatökumann og bifreiðastjóra ....... - 50.- Kr. 325.-

**Hér við bætist:**

1. Kaup myndatökumanns, sem er fagmaður í iðn sinni og stjórnar verkstæði. 27 dagar, þar með taldir 5 dagar til undirbúnings, á kr. 125.00 ......................... Kr. 3375.-
2. 10 plötur. Efni, framköllun ogfl. á kr.25.- ......................... - 250.-
3. 1/4 hluta framanskráðs kostnaðar, þar sem gjöra má ráð fyrir, að fara þurfi ferðirnar að einum fjórða hluta aftur eða t.d. að 5. ferð yrði að tvítaka, en það vær sama sem tæplega 1/4 þeirra allra ......................... Kr. 2455.-
4. Kostnaður við að búa til 8 stk diapositivplötur ......... Kr. 100
5. Litplötur no. 11 og 12 - Landslag, óbyggðir. Kr.25.-pr.stk ......... Kr. 50.-
   Kostnaður við endurnýingu á þeim.
6. Verðmæti litplötu leiksýningar á Alþingishátíðinni 1930, ómetanleg, en þess krafist, að hún sé greidd með a.m.k. Kr. 10000.-

Samtals Kr. 22420.00

Verði virðingin eigi fjarri þessu, segjast kröfuhafar gera sig ánægða með bætur þessar, en verði virðingin að mun lægri, krefjast þeir að fá myndirnar aftur, heilar og óskaddaðar og þá engra bóta. Svo mikils vírði telja þeir sér þær. En þar sem óhugsanlegt er, að unnt sé að láta þeim myndirnar í té, virðist sanngjarnt og rétt, að þeir fái bætur þær, er þeir gera sig ánægða með, enda yrði þá málefni þetta leyst að fullu. Þá krefjast þeir og þess, að virðingarkostnaðurinn verði einnig greiddur úr ríkissjóði. -

Til hr. Vilhjálms Þór, ráðherra

Bæturnar eru greiddar með kr. 15000 kr. og þeim skipt jafnt milli Sig. Tómassonar úrsmiðs og Sörens Pálssonar, kr. 7500 til hvors

[illegible]